

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/54/EB

frá 16. júlí 1998

um breytingu á tilskipun 71/250/EBE, 72/199/EBE, 73/46/EBE og niðurfellingu á tilskipun 75/84/EBE

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/373/EBE frá 20. júlí 1970 um að taka upp í bandalaginu aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fódri⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 70/373/EBE er mælt fyrir um að við opinbert eftirlit með fódri, sem miðar að því að kanna hvort kröfum laga og stjórnsýslufyrirmæla, sem fjalla um eiginleika þess og samsetningu, sé fullnægt, skuli beita bandalagsaðferðum við sýnatöku og greiningu.

Í fyrstu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 71/250/EBE frá 15. júní 1971 um greiningaraðferðir bandalagsins vegna opinbers eftirlits með fódri⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/680/EBE⁽³⁾, er kveðið á um greiningaraðferðir, meðal annars til að ákvarða úlfabaunabeiskjuefni. Tilskipun ráðsins 74/63/EBE frá 17. desember 1973 um óæskileg efni og afurðir í dýrafóðri⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/8/EB⁽⁵⁾, felur ekki í sér kröfu um opinbert eftirlit með úlfabaunabeiskjuefnum í fódri. Greiningaraðferð bandalagsins vegna opinbers eftirlits með úlfabaunabeiskjuefnum er ekki nauðsynleg og því ber að nema þessa aðferð úr gildi.

Í þriðju tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/199/EBE frá 27. apríl 1972 um greiningaraðferðir bandalagsins vegna opinbers eftirlits með fódri⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/28/EB⁽⁷⁾, er kveðið á um greiningaraðferðir, meðal annars greiningu og sanngreiningu á sýklalyfjum af flokki tetrasýklínlyfja, ákvörðun á klórtetrasýklíni, oxýtetrasýklíni og tetrasýklíni

og ákvörðun á óleandómýsíní. Þessara aðferða er ekki lengur krafist að því er varðar tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/19/EB⁽⁹⁾. Í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni er ekki lengur hægt að nota aðferðirnar í öðrum tilgangi. Því ber að nema þessar aðferðir úr gildi.

Í fjórðu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 73/46/EBE frá 5. desember 1972 um greiningaraðferðir bandalagsins vegna opinbers eftirlits með fódri⁽¹⁰⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/89/EB⁽¹¹⁾, er kveðið á um greiningaraðferðir, meðal annars til að ákvarða þíamín (vítamín B₁, aneurín) og til að ákvarða askorbínsýru og dehydróaskorbínsýru (C-vítamín). Aðferðirnar þjóna ekki lengur því markmiði sem þeim var ætlað og hafa verið lagðar til hliðar sakir framfara í tækni og vísindum. Því ber að nema þessar aðferðir úr gildi.

Í sjöttu tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/84/EBE frá 20. desember 1974 um greiningaraðferðir bandalagsins vegna opinbers eftirlits með fódri⁽¹²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/680/EBE, er kveðið á um greiningaraðferðir til að ákvarða búkínólat, sulfakínóxalín og fúrasólídon. Þessara aðferða er ekki lengur krafist að því er varðar tilskipun 70/524/EBE. Í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni má telja með réttu að þessar aðferðir gefi rangar niðurstöður. Æskilegra er að hafa enga greiningaraðferð en aðferð sem gefur rangar niðurstöður. Því ber að nema þessar aðferðir úr gildi.

Í samræmi við tilskipun ráðsins 95/53/EB frá 25. október 1995 um setningu meginreglna um skipulag opinberra skoðana á sviði dýrafæðu⁽¹³⁾, einkum 18. gr., skulu aðildarríkin, ef sýnatöku- og greiningaraðferðir bandalagsins liggja ekki fyrir, tryggja að notaðar séu greiningaraðferðir sem samræmast stöðlum sem alþjóðlegar stofnanir viðurkenna eða, ef slíkir staðlar liggja ekki fyrir, greiningaraðferðir sem samræmast vísindalega viðurkenndum reglum.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 170, 3. 8. 1970, bls. 2.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 155, 12. 7. 1971, bls. 13.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 246, 29. 8. 1981, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 38, 11. 2. 1974, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB L 48, 19. 2. 1997, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB L 123, 29. 5. 1972, bls. 6.

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB L 179, 22. 7. 1993, bls. 8.

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB L 96, 28. 3. 1998, bls. 39.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB L 83, 30. 3. 1973, bls. 21.

⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB L 344, 26. 11. 1992, bls. 35.

⁽¹²⁾ Stjútíð. EB L 32, 5. 2. 1975, bls. 27.

⁽¹³⁾ Stjútíð. EB L 265, 8. 11. 1995, bls. 17.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 71/250/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr falli „og vegna ákvörðunar beiskjuefna í úlfabaunum“ brott;
2. Í viðaukanum við tilskipunina falli 15. liður „Ákvörðun úlfabaunabeiskjuefna“ brott.

2. gr.

Tilskipun 72/199/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 2. gr. falli eftirfarandi brott: „svo greina megí og auðkenna sýklalyf af flokki tetrasýklínlyfja og einnig“ og „klórtetrasýklíns, oxýtetrasýklíns, tetrasýklíns, óleandómísíns“.
2. Ákvæði 1. liðar „Greining og auðkenning sýklalyfja af flokki tetrasýklínlyfja“, 2. liðar „Ákvörðun klórtetrasýklíns, oxýtetrasýklíns og tetrasýklíns“ og 3. liðar „Ákvörðun óleandómísíns“ í II. viðauka við tilskipunina falli brott.

3. gr.

Tilskipun 73/46/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í 2. gr. falli „þíamín- (aneurín, vítamín B₁), askorbín- og tvívetnisaskorbínsýruinnihaldi (C-vítamín)“ brott;

2. Ákvæði 2. liðar „Ákvörðun þíamíns (vítamín B₁, aneurín)“ og 3. liðar „Ákvörðun askorbínsýru og dehydru-askorbínsýru (C-vítamín)“ í II. viðauka við tilskipunina falli brott.

4. gr.

Tilskipun 75/84/EBE er felld úr gildi.

5. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en níu mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. júlí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.